

BORGARRÁÐ 24. nóvember 2022: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna ferða formanns borgarráðs og forseta borgarstjórnar í lok árs 2022 - MSS22110214

Í þessari viku er fyrirhuguð ferð formanns borgarráðs til Þórshafnar í Færeyjum og í næstu viku ferð formanns borgarstjórnar til Brussels. Óskað er eftir upplýsingum um áætlaðan kostnað Reykjavíkurborgar vegna þessara ferða. Jafnframt eru ítrekaðar fyrri fyrirspurnir um kostnað vegna ferðar borgarstjóra til Parísar ásamt aðstoðarmanni, sem nú stendur yfir, til Kaupmannahafnar fyrr í vikunni ásamt aðstoðarmanni, til Barcelona í síðustu viku og til Amsterdam í síðasta mánuði ásamt fylgdarliði, sem enn hafa ekki fengist svör við þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir. Óskað er eftir þessum upplýsingum sem fyrst enda ljóst að áfallinn kostnaður vegna ferða, sem þegar hafa verið farnar, liggur fyrir í kerfinu.